

Ár 2012, fimmtudaginn 2. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 6. júlí 2012.**

Í bréfinu er gerð grein fyrir nýsköpunarráðstefnu sem fyrirhugað er halda þann 30. október nk.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 16. júlí 2012.**

Í bréfinu er kynnt leiðbeiningarritið „Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum“ sem gefið hefur verið út.

Lagt fram til kynningar.

**1.3. Jafnréttisstofu frá 27. júlí 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála í sveitarfélaginu en sambærilegt bréf er sent öllum sveitarstjórnnum landsins.

Bæjarráð felur Velferðarnefnd Árnesþings að koma umbeðnum upplýsingum til Jafnréttisstofu.

**1.4. Sorpu, Sorpurðun Vesturlands, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpstöð Suðurlands frá 18. júlí 2012.**

Í bréfinu er kynnt það ferli sem nú er í gangi hjá bréfríturum vegna vals á urðunarstað/stöðum á starfssvæði félaganna.

Lagt fram til kynningar.

**1.5. Sveitarfélaginu Árborg frá 17. júlí 2012**

Í bréfinu er óskað eftir því við nágrennasveitarfélög Árborgar að þau komi að gerð svæðisskipulags í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir frekari upplýsingum um málið hjá bréfrítara og þá sérstaklega um hvaða þætti byggðapróunar eða landnotkunar umrædd vinna ætti að taka til.

1.6. **Ungmennafélagi Íslands frá 28. júní 2012.**

Í bréfinu er gert grein fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Hvolsvelli dagana 29. – 31. apríl 2012.

Lagt fram til kynningar.

1.7. **Erni Karlssyni frá 18. júlí 2012.**

Í bréfinu óskar bréfritari eftir að fá á leigu 15–20 ha spildu úr Sólborgarsvæðinu fyrir hrossabeit.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

**2. Tæknileg málefni:**

2.1. **Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 17. júlí 2012.**

Í bréfi nefndarinnar er gert grein fyrir niðurstöðu í kærðu Diðriks Sæmundssonar á Friðarstöðum vegna erindis skipulags- og byggingafulltrúa Hveragerðisbæjar dags. 21. maí 2012 varðandi úrbætur á mannvirkjum að Friðarstöðum í Hveragerði. Niðurstaða nefndarinnar er sú að kærumálinu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Lagt fram til kynningar um leið og skipulags- og byggingafulltrúa er falið að senda ábúendum á Friðarstöðum bréf þar sem með skýrum hætti kemur fram til hvaða úrbóta skuli gripið á jörðinni og óskað eftir tafarlausum úrbótum á þeim atriðum.

2.2. **Ósk um umsögn um drög að landsáætlun um úrgang frá 18. júlí 2012**

Lagt fram minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er grein fyrir þeim athugasemdum sem sveitarfélög gera við frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram til kynningar.

**3. Fundargerðir til kynningar:**

3.1. **Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands frá 14. júní 2012 ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45.

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)